

Sigurður Jónasson.

Skógarvörðurinn á Laugabrekku.

Starfsskýrsla

1951.

STARFSSKRIFIÐLA.

Sigurðar Jónassonar, Laugarbrekku, árið 1951.

Girðingar. Viðhald girðinga var með mesta móti á árinu, enda var veturinn snjóþungur. Fóru girðingar viða undir fannir, svo að til vandræða horfði. Varð því á köflum að girða ofan á fannirnar, svo að útigangapeningur spilti ekki trjágróori.

Þó bar það við, að hross komust í skógræktarhólf, en ekki mun það hafa valdið verulegum skemmdum.

Kostnað, vegna viðhalds skógræktargirðinga í héraðinu, báru landráðendur.

Í Skagafirði voru settar upp 3 nýjar skógræktargirðingar á árinu: í Utanverðunesi í Hegranesi, kostuð af Skógræktarfélagi Skagfirðinga. Í Vík í Staðarhreppi, kostuð af ábuanda, Hauki Hafstað. Í Birkihlið í Staðarhreppi, kostuð af ábuanda, Steindóri Benidiktssýni. Nokkur styrkur mun vera veittur til þessara girðinga úr skógræktarsjóði sýslunnar.

Utanverðunesgirðingin er 6 þatt gaddavírsgirðing með járnstaurum, landsstærð 1 1/2 ha.

Víkurgirðingin, 6 þatt gaddavírsgirðing, járnstaurar að mestu, landsstærð 1 1/2 ha.

Birkihliðargirðingin, 6 þatt gaddavírsgirðing með járn- og tréstaurum, landsstærð 1 ha.

Mældi ég fyrir þessum girðingum, og var landið valið í samráði við mig. Hinnig maldi ég fyrir tveimur skógræktargirðingum á Úlfssstöðum í Blönduhlíð.

Græðireiturinn. Í vor var sent út úr græðireitnum í Laugarbrekku 28050 st. birki 3ja ára. Voru plöntur þessar gróðursettar í Skagafirði og Húnavatnssýslu, nema 10000 st. sem ég sendi til Reykjavíkur.

Auk þess var dreift út frá Laugarbrekku plöntum frá Skógrækt Ríkisins í Reykjavík, sem hér segir:

Pingviðir 100 st. Skógarfura 5910 st. Rauðgreni 499 st. Lerki 535 st. Sitkagreni 279 st. Kibs 35 st. Kejnir 82 st. Ösp 25 st. Asparst. 36 st. Og frá Skógræktarfélagi Skag. 2000 st. birki. Voru þessar plöntur gróðursettar í Skagaf.

Frá Laugarbrekku var því flutt út samt. 37551 st. trjá plöntur.

Þar að auki flutti ég til kaupenda plöntusendingar frá Skógrækt Ríkisins í Reykjavík um Skagafjörð og Húnavatnss. og annaðist innheimtu á þeim..

Sáning. Vorsáning fór fram 1-5. júni og 7. júlí. Sáð var alls í 170 fm. fræbeð í reitnum austan við skógarvarðarbústaðinn. Tegundir: Birki 120 fm. Fræmagn 6 kg. Fura 10 fm. Fræmagn 0,110 kg. Sitkagreni 10 fm. Fræ. 0,120 kg. Lerki 10 fm. fræ 1/2 kg. Rauðgreni 5 ferm. Fræ 50 gr. Engelm.gr. 5 fm. Fræ 50 gr. Blágreni 5 fm. Fræ 50 gr. Avitgr. 5 fm. Fræ 50 gr.

Áburður. Í fræbeðin var borinn húsdýraáburður, hrrossatað og kúamikja, og tilbúin áburður.

Áburðarmagn per. 100 fm. 800 kg. húsdýraáburður, 4 kg.

Kalksalp. 3 kg. trifosf. og 3 kg. kali

Vöxtur í fræbeðum ofl. Vorið var kalt og burrviðrasamt en þó

spiraði allvel í fræbeðunum og fór því samilega fram í sumar. Lerkið óx best en nokkur vanhöld urðu í því af völdum rótarsvepps. Þóinnig varð hans vart í græninu, nema Sitkagreni.

Vegna mjög lélegrar spirunar í fyrra vor, er lítlo til af 2ja ára plöntum. Af þeim verður útplöntunarhæft í vor aoeins 8000 st. birki og 1500 st. lerki.

Laufgun byrjaði í vor i mailok, en lauffall höfst í haust 20. sept og var því lokið að mestu lo. okt.

Sáning í útjörð. Í Viðvík í Viðvíkursveit var sáð í útjörð 300 gr. furufræ og 350 gr. grænifræ. Auk þess var sáð par birki- og furufræi í 30 fm. fræbeð.

A Hólum í Hjaltadal var sáð lítilsháttar furu og grænifræi í útjörð.

Ferðalög. Á árinu hafði ég allmikil ferðalög, einkum vegna eftirlits með trjáreitum, leiðbeininga, plöntuflutninga ofl.

I vor flutti ég plöntur til kaupenda, eins og að undanförnu og leiðbeindi við gróðursetningu, þar sem ég taldi þess mesta þörf. Þn af því að plöntumagnið var óvenjulega mikil, og í margar staði að flytja, vanst mér ekki timi til að aðstoða við gróðursetninguna svo vel sem skýldi.

Tel ég rétt að gefa hér stutt yfirlit yfir ferðalög minn á árinu. Nánar er greint frá þeim í skýrslu um akstur jeppabifreiðar minnar K-68.

Í mars, apríl og mai ferðaðist ég til eftirtaldra staða: Reynistað, Sauðárkrúð, Birkihlíð, Vöglum, Flataartungu, Ökrum, Geitaskarði, Blönduós, Bjarnastaðahlíð, Merkigili, Svaðastöðum, Hegranesi, Viðivöllum, Gilhaga, Ljótsstöðum, Skörðugili.

Pessar ferðir voru farnar til pess, að fyrirbyggja ágang búfjár í skógræktargirðingar, sem sumstaðar voru í kafi í fönn á tímabili, og sjá um að gert væri tryggilega við þær, jafnframt til að taka á móti plöntupöntunum og gefa leiðbeiningar um plöntuval og tilhögun við gróðursetningu að vorinu.

Í juní og júlí flutti eg trjáplöntur og hjálpaði til við gróðursetningu á þessum stöðum:

I Austur-Hún. Þóstaðahlið, Strjúgi, Möbergi, Geitasharoi, Blönduós, Skagaströnd, Örligsstöðum, Litlu-Giljá, Sveinstöðum, Saurbæ og Ási.

Í Vestur-Hún. Brautarholti, Gauksmýri, Lingholti, Hvammstanga (valdi land til skógræktar) Ásbirgi og Barkarstöðum. 17

Í Skagafjörði: Löngumýri, Skörðugili, Reynistað, Vík, Hólkessi, Sauðárkrúki, Hegranesi, Viðvík, Hólum, Hofi, Það, Svaðastöðum, Sumarhúsum, Reykjum, Varmalæk, Þorsteinsstöðum og viðær. 16

23. Júní fór ég að Varmalandi í Borgarfirði og sat þar ~~þann~~ aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Þaðan fór ég til Reykjavíkur á fund Skógræktarstjóra.

29. Júlí fór ég eftirlitsferð vestur í Húnavatnss. til að lita eftir skógræktarreitum þar. Plönturnar lityr par yfirleitt vel út og bar lítið á vanhöldum í þeim. Í ágúst leit ég í skógarveiða í Skagafirði og virtist mér plöntum yfirleitt fara vel að.

13. Ágúst fór ég fram í Fögruhlið i Austurdal, til að lita par á skógarleifar, sem eru óvarðar par í afréttinni 14 km. innan við fremstu byggð. Þru þar birki- og viðrunnar allþéttir á rúmlega 2 ja ha. svæði í fjallshliðinni, austan Jökulsár eystri.

Trjágróðri þessum hefur farið nokkuð fram síðast liðin ár, svo nú ver hann sig að miklu leyti fyrir ágangi sauðfjár.

Birkið er þar viða 3-3 1/2 m. á hæð en viðirinn litið eitt lágvaxnari.

Í Jökulsárgili, sunnan Merkigils, hefur birkinu farið vel fram að undanförnu, enda er það varið fyrir saudfé.

26. Ágúrt fór ég austur í Vaglaskóg og vann þar við skógarhögg um tima, og var þá 1 dag við grisjun í trjáreitum í Eyjafirði. ~~Gundagili~~

25. Sept. fór ég að Viðvik, að ganga frá fræbeum fyrir veturinn.

Í október fór ég eftirlitsferðir að Sauðárkróki, um Hegranes, Blönduhlíð og A-Húnavatnssýslu.

Í byrjun nov. fór ég með Skógræktarstjóra að Blönduðsi, Höllum, Sauðárkróki og Úlfssstöðum, var hann að sýna skógræktarkvíkmýndir.

11. Nón. fór ég til Reykjavíkur á fund Skógræktarstjóra, og kom heim úr þeirri ferð 17. nóvember.

Laugarbrekku, 1. jan. 1952.

*Sigurdur Jónasson*